

86. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
6. 9. 2017 kl. 8:15 – 9:30

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Olga Ingólfssdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Vilhjálmur Magnússon, Hrafnkell Guðnason, Helga Árnadótti og Eyrún Helga Ævarsdóttir.

**1. Ný skipulagsskrá og breyting á nafni**

Ný skipulagsskrá setursins hefur verið samþykkt af Sýslumanni Norðurlands vestra þar sem nafni setursins hefur verið breytt í Nýheimar þekkingarsetur.

**2. Niðurstaða varðandi virðisaukaskylda starfsemi**

Rætt var um starfsemi NP og hvort starfsemi setursins geti mögulega verið virðisaukaskyld. Málið er í skoðun hjá KPMG. Máli frestað til næsta fundar.

**3. Dagatal NP**

Hugrún Harpa fór yfir dagatal sem Kristín Vala verkefnastjóri NP hefur sent á aðila innan Nýheima. Ragnhildur lagði til að Hugrún Harpa kæmi á starfsmannafund í ráðhúsi til að kynna dagatalið fyrir starfsfólki ráðhússins.

**4. Húsfundur 26. September**

Rædd voru möguleg umræðuefni fyrir næsta húsfund Nýheima. Ákveðið var að hafa skipulagða dagskrá hluta fundarins en ljúka honum á opinni umræðu.

**5. Önnur mál**

Rætt var um ýmsar útfærslur á föstudagshádeggi. Tekin var ákvörðun um að kanna áhuga veitingastaða fyrir því að skiptast á að vera með mat í föstudagshádeggi í Nýheimum. Stofnanir Nýheima sameinast um að vinna að verkefninu en Menningarmiðstöð Hornafjarðar heldur utan um verkefnið.

Helga sagði frá fjöruhreinsun sem farið verður í á degi íslenskrar náttúru þann 16. september sem er einnig alþjóðlegi strandhreinsunardagurinn. Helga hvatti alla til að mæta og deila viðburðinum.

Kristín sagði frá því að hún og Hugrún Harpa fóru á 20 ára afmælishátíð og ársfund Kirkjubæjarstofu á Klaustri.

Fundi slitið: 9:30

*Olga Ingólfssdóttir*  
*Hugrún Harpa Reynisdóttir*